

Tryggingastærðfræðilegar ábendingar E 807

Ágæti viðskiptavinur.

Eftirfarandi tryggingastærðfræðilegar ábendingar veita þér frekari upplýsingar um hlutdeildina í hagnaðinum sem fjallað er um í Almennum tryggingarskilmálum fyrir Grunnþáttinn. Tryggingastærðfræðilegu ábendingarnar gilda um þættina:

- Ellilífeyrir: Framtíðarlífeyrir klassík (Altersvorsorge: Zukunftsrente Klassik)
- Ellilífeyrir: Framtíðarlífeyrir klassík (Grunnlífeyrir) (Altersvorsorge: Zukunftsrente Klassik (BasisRente))
- Start tryggingarskírteini (StartPolice)
- NámsTryggingarskírteini klassík (AusbildungPolice Klassik)
- GrunnLífeyrir Startup klassík (BasisRente Startup Klassik)
- Eftirlífendalífeyrir Höfuðstóll við andlát (Hinterbliebenenvorsorge Kapital bei Tod)
- Eftirlífendalífeyrir: Eftirlífendalífeyrir fyrir og eftir upphaf lífeyristöku, Munaðarlausralífeyrir (Hinterbliebenenvorsorge: Hinterbliebenenrente vor und ab Rentenbeginn, Waisenrente)

Með kveðju,

Allianz Lebensversicherungs-AG

Almennt

Reiknistuðlar til að reikna út hagnaðarlutana eru fengnir samkvæmt viðurkenndum aðferðum tryggingastærðfræðinnar. Þá ákveðum við reiknivexti 1,75%. Fyrir þætti sem reiknaðir eru út miðað við lífun notum við dánartíðnitöflu fyrirtækisins „AZ 2006 R fyrir karla eða konur“ og fyrir þætti sem reiknaðir eru út miðað við andlát notum við dánartíðnitöflu fyrirtækisins „AZ 2008 T fyrir karla eða konur“.

(1) Útreikningur hagnaðar á biðtímanum

Hagnaðarlutar eru reiknaðir út fyrir hvern þátt fyrir sig.

a) Árlegir hagnaðarlutar

Árlegur hagnaðarluti er samalögð upphæð hagnaðarlutans vegna vaxta að frádregnum kostnaði, grunnhagnaðarlutans og, ef tryggðar greiðslur fara yfir tiltekna upphæð, aukalegs hagnaðarluta. Fyrir bónusinn er ekki veittur neinn aukalegur hagnaðarluti.

Hlutdeild í hagnaði vegna vaxta

Reiknistuðull fyrir hlutdeild vaxta í hagnaði er bótahöfuðstóllinn, reiknaður til loka liðsins tryggingarárs, og afvaxtaður með eins árs reiknivöxtum.

Grunnhlutdeild í hagnaði

Reiknistuðull fyrir grunnhlutdeild í hagnaði er dánarlíkurnar, margfaldaðar með áhættuhöfuðstól, reiknuðum í lok liðsins tryggingarárs og afvöxtuðum með eins árs reiknivöxtum. Grunnhlutdeil í hagnaði er aðeins veitt hjá þáttum þar sem reiknuð brottfallsregla miðast við andlát.

Í þættinum „Eftirlífendalífeyrir fyrir upphaf lífeyristöku“ er sá hluti eftirlífendalífeyris reiknaður út með andlátsmiðaðri brottfallsreglu sem fer yfir

lágmarksverðgildið. Lágmarksverðgildið er sú upphæð ellilífeyris sem fengist ef öll höfuðstólsgreiðslan myndi reiknast eins og verið væri að reikna út ellilífeyri án dánarbóta og eftirlífendalífeyris eftir upphaf lífeyristöku.

Aukalegur hagnaðarluti

Reiknistuðull fyrir aukalegan hagnaðarluta er bótahöfuðstóllinn, reiknaður út í lok liðsins tryggingarárs og afvaxtaður með eins árs reiknivöxtum.

b) Lokahagnaðarluti

Lokahagnaðarlutinn er settur saman úr venjulegum lokahagnaðarluta og aukalegum lokahagnaðarluta.

Venjulegur lokahagnaðarluti

Reiknistuðull fyrir venjulegan lokahagnaðarluta fyrir markaðsaðlögun er bótahöfuðstóll tryggingarinnar, reiknaður í lok liðsins tryggingarárs og afvaxtaður með eins árs reiknivöxtum.

Venjulegur lokahagnaðarluti ber vexti með þeirri vaxtaprösentu sem ákveðin er fyrir hvert tryggingarár.

Venjulegum lokahagnaðarluta er úthlutað

- við samningslok
- eða frá upphafi töku elli- eða eftirlífendalífeyris, ef samið var um hagnaðarlífeyri eða samsettan hagnaðarlífeyri á lífeyrisgreiðslutímanum, að öðrum kosti er honum úthlutað við upphaf töku elli- eða eftirlífendalífeyris.

Við uppsögn gildir:

Ef yfirstandandi mánaðarverðgildi 10-ára ríkisskuldabréfa á eftirmarkaði er hærra en meðalverðgildi fyrir liðinn samningstíma, að hámarki undanfarinna 10 ára, er venjulegi lokahagnaðarlutinn skertur sem hér segir:

Bótahöfuðstóll samningsins á uppsagnardeg, að meðtöldum venjulegum lokahagnaðarluta og aukalegum lokahagnaðarluta, er skertur hlutfallslega fyrir hvern mánuði þess biðtíma sem eftir er, þó mest fyrir 120 mánuði, um 0,05-faldan mismun núverandi meðalgildis ávöxtunar á eftirmarkaði og meðalgildis ávöxtunar á þeim samningstíma sem liðinn er. Ef upphæðin sem þannig er fengin reynist hærrí en samalögð upphæð bótahöfuðstóls annars vegar og aukalegs lokahagnaðarluta hins vegar, þá verður mismunurinn greiddur út sem endurkaupsvirði úr venjulega lokahagnaðinum. Annars er ekki úthlutað neinu endurkaupsvirði úr venjulega lokahagnaðarlutanum.

Aukalegur lokahagnaðarluti

Reiknistuðull fyrir aukalegan lokahagnaðarluta er árlegur hagnaðarluti fyrir tryggingarár úthlutunarinnar.

Aukalegi lokahagnaðarlutinn bætist við venjulegan lokahagnaðarlut

- frá síðasta ári biðtímans, í síðasta lagi frá 7. ári fyrir lok biðtíma, ef hinn tryggði hefur náð að minnsta kosti 55 ára reikningsaldri
- í félagatryggingum frá 7. ári fyrir lok biðtímans, ef sá elsti hinna tryggðu hefur náð að minnsta kosti 55 ára reikningsaldri,
- í NámsTryggingarskírteiniklassík síðustu 5 ár biðtímans,
- í Framtíðarlífeyri klassík í GrunnLífeyri og í GrunnLífeyri Startup klassík, þegar hinn tryggði er orðinn að minnsta kosti fullra 62 áraaldri.

Við lok tryggingar innan tryggingarárs er lokahagnaður reiknaður til enda yfirstandandi mánaðar.

c) Grunnupphæð fyrir hlutdeild í matssjóðum

Reiknistuðull grunnupphæðar fyrir hlutdeild í matssjóðum er bótahöfuðstóll tryggingarinnar, reiknaður í lok liðs tryggingarárs og afvaxtaður með eins árs reiknivöxtum.

Grunnupphæðin ber vexti með vaxtaþrósentum sem ákveðnar eru fyrir hvert tryggingarár.

Grunnupphæð er úthlutað

- við upphaf töku ellilífeyris,
- við samningslok vegna nýtingar höfuðstólsvalréttar eða
- við samningslok frá 7. ári fyrir lok biðtímans ef hinn tryggði hefur náð að minnsta kosti 55 ára reikningsaldri

Hagnaðarlífeyrir og samsettur og samanlagður hagnaðarlífeyrir

Heildarlífeyririnn á fyrsta ári lífeyrisgreiðslutímans er reiknaður út á grundvelli núvirðis tryggðra greiðslna við upphaf lífeyristöku að meðtöldum reiknuðum kostnaði og framtíðargreiðslum (hver fyrir sig metin með sérstaklega tilgreindum tilheyrandi forsendum) og að teknu tilliti til jafngildisreglunnar.

- í félagatryggingum frá 7. ári fyrir lok biðtímans, ef sá elsti hinna tryggðu hefur náð að minnsta kosti 55 ára reikningsaldri,
- í áætlun um menntun barna á síðustu 5 árum biðtímans,
- í Framtíðarlífeyri klassík í Grunnlífeyri í GrunnLífeyri Startup klassík frá 7. ári fyrir lok biðtímans, ef hinn tryggði er orðinn að minnsta kosti fullra 62 ára að aldri

ef matssjóðirnir sem samningnum voru úthlutaðir samkvæmt 3. mgr. § 153 VVG (laga um tryggingasamninga) eru lægri en grunnupphæðin, að öðrum kosti verður úthlutað þeirri upphæð sem mælt er fyrir um samkvæmt lögum.

(2) Útreikningur hagnaðar meðan á töku lífeyris stendur

Viðbótarlífeyrir

Reiknistuðull fyrir árlegan hagnaðarluta er bótahöfuðstóll tryggingarinnar, reiknaður til loka liðs tryggingarárs.